

## Útborganir og innborganir 12. flokks veðdeildarinnar á árinu 1940.

228

## Útborganir:

1. Vextir af bankavaxtabréfum .....	kr.	24080.00	
2. Varasjóðskostnaður:			
a. Skrifstofu- og stjórnarkostnaður .....	kr.	2400.00	
b. Annar kostnaður .....	—	6097.60	
			— 8497.60
3. Inneign hjá Landsbankanum 31. desember 1940 .....	—	61639.75	
			<u>Kr. 94217.35</u>

## Innborganir:

1. Borgað af lánum .....	kr.	14527.98	
2. Vextir af lánum .....	—	26334.95	
3. Varasjóðstekjur:			
a. ½% af lánum .....	kr.	2633.46	
b. Dráttarvextir og provision .....	—	190.62	
c. Vextir af inneign hjá Landsbankanum .....	—	304.59	
d. Vextir af útg. bankavaxtabréfum .....	—	29043.75	
e. Lántökugjald af nýjum lánum .....	—	21182.00	
			— 53354.42
			<u>Kr. 94217.35</u>

## REIKNINGUR

229

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Herðísar og Ingileifar Benedictsen árið 1939.

## Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun:			
a. Fasteignaveðslán .....	kr.	73550.00	
b. Lán Biskupstungnahrepps .....	—	7500.00	
c. Bankavaxtabréf .....	—	7100.00	
d. Önnur verðbréf .....	—	2000.00	
e. Bankainnstæða .....	—	3148.26	
f. Ógreiddir vextir .....	—	975.00	
			<u>kr. 94273.26</u>
2. Vextir:			
a. Af bankainnstæðu .....	kr.	230.23	
b. — bankavaxtabréfum .....	—	319.50	
c. — öðrum verðbréfum .....	—	90.00	
d. — fasteignaveðslánum .....	kr.	3426.50	
+ ógreiddir vextir .....	—	1610.00	
			<u>kr. 5036.50</u>
÷ innborgað frá fyrri árum .....	—	975.00	
			<u>— 4061.50</u>
			<u>— 4701.23</u>
			<u>Kr. 98974.49</u>

229

## Gjöld:

1. Rekstrar- og viðhaldskostnaður Staðarfellsskólans .....	kr. 7073.60
2. Sjóðir til næsta árs:	
a. Fasteignaveðslán .....	kr. 73550.00
b. Lán Biskupstungnahrepps .....	— 7500.00
c. Bankavaxtabréf .....	— 7100.00
d. Önnur verðbréf .....	— 2000.00
e. Bankainnstæða .....	— 140.83
f. Ógreiddir vextir .....	— 1610.00
	<hr/>
	— 91900.83
	Kr. 98974.49

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. apríl 1940.

Friðgeir Bjarnarson.

230

3. okt.

## REGLUR

### um hrossasýningar.

#### I. KAFLI

##### 1. gr.

Búnaðarfélag Íslands annast um framkvæmd hrossasýninga á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum um búfjárrækt og nánar er ákveðið í reglum þessum.

##### 2. gr.

Landinu er skipt í þrjú sýningarsvæði, sem hér segir:

1. Frá Hrútafjarðará vestur og suður um land að Hellisheiði.
2. Frá Hellisheiði austur og norður um land að Gunnólfsvíkurfjalli.
3. Frá Gunnólfsvíkurfjalli vestur um land að Hrútafjarðará.

Árið 1942 verða sýningar haldnar á 1. sýningarsvæði, árið 1943 á 2. sýningarsvæði og árið 1944 á 3. sýningarsvæði, og úr því í sömu röð óslitið á hverju ári.

#### II. KAFLI

##### Sveitasýningar.

##### 3. gr.

Þegar halda ber sveitasýningar á hrossum, skal Búnaðarfélag Íslands tilkynna það búnaðarsambandaformönnum viðkomandi héraða með nægum fyrirvara. Hlut- aðeigandi sambandsstjórnir ákveða í samráði við ráðunaut Búnaðarfélags Íslands í hrossarékt, hve margar sýningar skuli halda á sambandssvæðinu og annast í samráði við hann um nauðsynlegan undirbúning þeirra.

##### 4. gr.

Á hverri sýningu skal vera dómnefnd skipuð þrem mönnum. Tveir þeirra skulu valdir af stjórn viðkomandi hrossaréktarfélags, eða þar sem þau eru ekki, skulu þeir tilnefndir af stjórn viðkomandi hrepps-búnaðarfélags. Oddamaður nefndarinnar skal tilnefndur af stjórn búnaðarsambandsins og skal sami maður, ef unnt er, mæta á öllum sýningum á sambandssvæðinu. Hann skal annast um skráningu á dómum